



**Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands**

**FORSETAMERKI SKÁTA
VEITT Á BESSASTÖÐUM**

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson mun á morgun, laugardaginn 27. október, sæma hóp skáta víða að af landinu Forsetamerki fyrir árangur þeirra í skátastarfi og þjálfun. Athöfnin fer fram í Bessastaðakirkju og hefst kl. 13:00. Að henni lokinni munu forsetahjónin taka á móti skátunum og fjölskyldum þeirra ásamt forystusveit skátahreyfingarinnar í Bessastaðastofu.

Skátahreyfingin er 100 ára á þessu ári og var þess minnst með glæsilegu heimsmóti skáta sem haldið var í Englandi í sumar. Fjöldi íslenskra skáta tók þátt í heimsmótinu.

26. október 2007